

Stuðnings- og ráðgjafarteymi langveikra barna í samvinnu við Einstök börn

Upplýsingabæklingur fyrir foreldra



einstök
BÖRN



Unnið af Helgu Jónasdóttur í samvinnu við Einstök börn



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Aukinn réttur til fæðingarorlofs	5
Grunnskóli – sérdeildir og sérskólar	5
Sérdeildir	5
Sérskólar	6
Barn verður 18 ára og sjálfráða einstaklingur	7
Umönnunargreiðslur	7
Fylgiskjöl með umsókn:	7
Umönnunarkort.....	9
Foreldragreiðslur.....	9
Greiðsluflokkar fyrir foreldragreiðslum.....	11
Grunngreiðslur:	11
Launatengdar greiðslur:	11
Námsmannagreiðslur:	11
Sjúkdómsstig:	11
Fötlunarstig.....	12
Mæðra- og feðralaun	12
Ferðakostnaður	13
Hversu mikið er greitt?.....	14
Bílaleiga	15
Örorkumat	15
Hvernig er sótt um endurgreiðslu á ferðakostnaði?	15

Nauðsynleg gögn	15
Ferðapjónusta fatlaðra	16
Mikilvægar upplýsingar til farþega:.....	16
Hverjir eiga rétt á ferðapjónustu?.....	17
Hvernig er sótt um? [Hvaða velferðarsvið er átt við]	17
Hve mikla ferðapjónustu er hægt að fá?.....	17
Hver hefur eftirlit og umsjón með þjónustunni?.....	17
Gistipjónusta	18
Sjúkrahótel Landspítala	18
Heimahjúkrun.....	19
Sjúkradagpeningar.....	20
Sjúkraflutningar	21
Bílastyrkur og bifreiðagjöld	21
P-merki fyrir bílastæði fatlaðra	22
Umsókninni þarf að fylgja:	22
Hjálpartæki	23
Hjálpartæki: Netföng.....	23
Bleyjur.....	24
Lyfjaskírteini og endurgreiðsla	24
Skattafsláttur	24
Sálfræðiaðstoð	25
Umhyggja.....	25
Stuðningsþjónusta.....	25
Markmið stuðningsþjónustunnar	26
Forsendur stuðningsþjónustunnar	26
Hverjir eiga rétt á stuðningsþjónustu?.....	26

Hvernig er sótt um stuðningsþjónustu?	26
Hve mikla þjónustu er hægt að fá?	26
Hver hefur eftirlit og umsjón með þjónustunni?.....	27
Félagsleg liðveisla	27
Stuðningsfjölskylda.....	27
Hvað er NPA?.....	29
Beinar greiðslur:	29
Eftirlit og endurgreiðslur	30
Uppsögn	30
Umsóknarferli.....	30
Mat og afgreiðsla umsókna	30
Greiningarstöð.....	31
Réttindagæslumenn fatlaðra.....	31
Sjúkraþjálfun.....	31
Þjálfun í grunnskóla.....	32
Heimaþjónusta sjúkraþjálfara	32
Sjúkraþjálfun á hestbaki	33
Greiðslupátttaka sjúkratryggðra einstaklinga fyrir þjálfun samkvæmt 20. gr.....	33
Prestur fatlaðra	33
Sálgæsla Barnaspítalans	34
Félagasamtök.....	34
Einstök börn.....	34
Orlofsstyrkur:.....	35
Tómstundastyrkur:	35
Heilsueflandi styrkur:	35
Niðurgreiðslur á gistikostnaði félagsmanna innanlands:	35

Umhyggja.....	36
Verkefnaskipting á milli Sí og TR	36
• TR sér um.....	36
• Sí sér um	36



einstök
BÖRN

Í þessari samantekt eru upplýsingar um réttindi langveikra barna og fjölskyldna þeirra. Upplýsingarnar eru alls ekki tæmandi, auk þess sem lög og reglugerðir taka tíðum breytingum og upplýsingar getu orðið úreltar frá því að þessi texti var birtur.

Aukinn réttur til fæðingarorlofs

Við ákveðnar aðstæður er hægt að sækja um lengra fæðingarorlof. Við fjölbura fæðingar er hægt að sækja um lengra fæðingarorlof fyrir hvert barn sem fæðist á lífi eða andvana eftir 22. vikna meðgöngu. Við það bætist þriggja mánaða sameiginlegur réttur foreldra til fæðingarorlofs.

Ef upp koma alvarleg veikindi móður í tengslum við fæðinguna, sem rekja má beint til fæðingarinnar sjálfrar, og hún verður ófær um að annast barn sitt í fæðingarorlofinu að mati sérfræðilæknis er hægt að sækja um framlengingu á fæðingarorlofi í allt að tvo mánuði. Þau gögn sem þurfa að berast með umsókninni eru læknisvottorð vegna veikinda móður.

Einnig er heimild fyrir því að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarorlofs í allt að sjö mánuði. Þetta á við ef um er að ræða alvarleg veikindi barns eða alvarlega fötlun sem krefst meiri umönnunar en ella. Einnig er hægt að sækja um framlengingu ef barn er mikið innliggjandi á spítala. Þau gögn sem þurfa að fylgja eru vottorð vegna alvarlegs sjúkleika og/eða fötlunar barns. Forgangur er í leik- og grunnskóla fyrir langveik eða fötluð börn og systkini þeirra.

Samkvæmt lögum eiga fötluð börn rétt á leikskólavöl og grunnskólakennslu í því sveitarfélagi þar sem þau eru skráð með lögheimili. Þjónustuna á að veita á almennum leikskólum með nauðsynlegri stuðningsþjónustu eða á sérhæfðum deildum.

Grunnskóli – sérdeildir og sérskólar

Sérdeildir

Allir grunnskólar í Reykjavík bjóða upp á aðstoð vegna sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar.

Sex sérdeildir eru fyrir nemendur með einhverfu á aldrinum 6 - 16 ára í 1. til 10. bekk og eru um það bil sex til níu nemendur í hverri deild. Þeir skólar sem bjóða upp á sérdeild fyrir einhverfa eru:

- Foldaskóli
- Háaleitisskóli
- Hamraskóli

- Langholtsskóli
- Fellaskóli
- Vogaskóli
- Réttarholtsskóli er með sérdeild fyrir einhverfa nemendur á unglingastigi.

Í Hlíðaskóla er starfrækt táknaálssvið fyrir heyrnarlausu og -skerta nemendur.

Sérskólar

Klettaskóli

Klettaskóli er einn af grunnskólum Reykjavíkur og er sérskóli fyrir nemendur með þroskahömlun. Skólinn er fyrir nemendur með:

- Miðlung, alvarlega og djúpa þroskahömlun, með eða án viðbótarfatlana.
- Væga þroskahömlun og skilgreinda viðbótarfötlun, svo sem einhverfu, blindu, heyrnarleysi og alvarlega hreyfihömlun.

Þátttökubekkur er sérhæft námsúrræði undir stjórn Klettaskóla en með aðsetur í almennum grunnskóla. Nemendur njóta faglegrar þjónustu og þekkingar sérskólans en taka jafnframt þátt í starfi og samfélagi hins almenna skóla eftir því sem tilefni gefst til.

Hægt er að sækja um skólavist í Klettaskóla á heimasíðu skólans.

Brúarskóli

Brúarskóli er einn af grunnskólum Reykjavíkur og er sérskóli fyrir nemendur í 4. - 10. bekk. Skólinn er fyrir nemendur með:

- Alvarlegan geðrænan og tilfinningalegan vanda
- Félags- og hegðunarerfiðleika
- Börn sem eru komin í vanda vegna fíkniefnaneyslu og/eða afbrota. Hægt er að sækja um skólavist í Brúarskóla á heimasíðu skólans.

Arnarskóli

Arnarskóli er heildstæður grunnskóli fyrir börn með þroskafrávik á grunnskólaaldri. Atferlisihlutun er notuð í námi og kennslu barnanna. Með heildstæðum skóla er átt við að þjónustan er veitt alla virka daga ársins, þ.e. skóli, frístund og sumarfrístund fer allt fram á sama stað með sama starfsfólkinu.

Arnarskóli er utan sveitarfélags og þá er umsóknarferlið tvíþætt. Það þarf að sækja um skólavist hjá Arnarskóla en jafnframt hjá skóla- og frístundarsviði Reykjavíkurborgar.

Sérdeildir eru í Kópvogi (<https://www.kopavogur.is/is/ibuar/daggaesla-og-skolar/grunnskolar-kopavogs/serdeildir-serskolar-skolaakstur>), Hafnarfirði

(<https://www.kopavogur.is/is/ibuar/daggaesla-og-skolar/grunnskolar-kopavogs/serdeildir-serskolar-skolaakstur>) og fleiri sveitarfélögum ef ekki öllum.

Barn verður 18 ára og sjálfráða einstaklingur

Unnið er að samantekt efnis um það hvað gerist þegar fatlað barn nær 18 ára aldri, verður sjálfráða og færast úr flokki fatlaðra barna í stjórnslunni yfir í flokk öryrkja.

Umönnunargreiðslur

Börn sem búa við alvarleg veikindi eða fötlun eiga rétt á umönnunargreiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins, hvort sem börnin dvelja í heimahúsi eða á sjúkrahúsi. Aðstoðin er veitt þegar umönnun barns er krefjandi og afar kostnaðursöm vegna heilbrigðisþjónustu, þjálfunar og meðferðar fyrir foreldra. Umönnunarmat getur verið frá fæðingu barns og til 18 ára aldurs. Athuga skal að tímabil umönnunargreiðslna er frá lokum greiðslna í fæðingarorlofi til 16 ára aldurs. Ef foreldrar eiga rétt á framlengingu á greiðslum í fæðingarorlofi er þeim heimilt að velja þær greiðslur sem eru hærrí (hvort sem er úr fæðingarorlofsjóði eða umönnunargreiðslur). Heimilt er að hefja umönnunargreiðslur fyrr og lengja greiðslutímabilið til 18 ára aldurs vegna barna með lífshættulega sjúkdóma eða alvarlega fjölfötlun. Umönnunargreiðslur koma þá í stað örorkulífeyris, tekjutryggingar og frekari uppbótar á lífeyri. Umönnunargreiðslur eru skattfrjálssar og greiddar út fyrirfram í byrjun mánaðar. Þegar aðstæður eru mjög íþyngjandi geta umönnunargreiðslur verið tímabundið hærrí, allt að 25%. Slíka aukaaðstoð getur þurft að veita til skemmri tíma og gera síðar endurmat á aðstæðum barns. Þetta á við aðstæður þar sem eru dauðvona börn, miklir erfiðleikar, fötluð og/eða alvarlega og langvarandi veik börn sem gangast undir erfiða aðgerð eða meðferð og dvelja langdvölum á sjúkrahúsi með foreldrum sínum.

Fylgiskjöl með umsókn:

- Læknisvottorð.
- Upplýsingar um útlagðan kostnað (afrit af kvittunum).
- Eftir atvikum greinargerðir félagsráðgjafa, lækna, sálfræðinga, starfsmanna skóla og annars fagfólks.
- Tillaga að umönnunarmati frá félagsþjónustu sveitarfélags ef um er að ræða barn með fötlun. Tryggingarstofnun kallar eftir upplýsingunum frá viðkomandi sveitarfélagi.

Mikilvægt er að fylgjast með *Mínum síðum* hjá tr.is og hafa virkt netfang til þess að Tryggingarstofnun geti óskað rafrænt eftir frekari gögnum. Engin mál fara í vinnslu fyrr en öll umbeðin gögn hafa borist. Hægt er að sækja um umönnunargreiðslur hjá Tryggingarstofnun ríkisins á *Mínum síðum*. Greiðslustig ákvarðast út frá umönnunarþyngd barnsins. Umönnunarmat getur að hámarki varað í fimm ár samkvæmt reglugerð. Umönnunarmat vegna barna er til tveggja til fimm ára í senn. Í einstaka tilvikum getur reynst nauðsynlegt að það gildi í skemmri tíma. Vert er að hafa í huga að börn undir tveggja ára eru sjaldnast sett í hæsta greiðsluflokk þrátt fyrir mikil veikindi. Ekki er alltaf hægt að gera umönnunarmat til langs tíma þar sem þarfir barna, umönnun, erfiðleikar og útlagður kostnaður er mismunandi og getur breyst frá einum mánuði til annars. Mikilvæg ábending er að ef umönnunarþörf þyngist verulega er hægt að sækja um endurmat á umönnunargreiðslum. Senda þarf nýja umskókn ásamt nýjum og uppfærðum gögnum.

Almenn leikskóla- og skólaþjónusta skerðir ekki umönnunargreiðslur. Önnur dagleg, sértæk þjónusta og vistun utan heimilis, þar með talin umtalsverð skammtíma vistun, skerðir umönnunargreiðslur.

Hægt er að óska eftir afturvirkni í allt að tvö ár:

- Þarf skýran rökstuðning.
- Alvarlegur vandi þarf að hafa verið staðfestur.
- Umönnun, meðferð og þjálfun í gangi.
- Kostnaður hafi verið fyrir foreldra á því tímabili sem sótt er um.
- Þarf að staðfesta þann kostnað/umönnun með því að leggja fram gögn.

Úrvinnsla mála getur tekið allt að 4 - 6 vikur eftir að öll gögn hafi borist TR. Í vafamálum er málið tekið fyrir hjá teymi TR í barnamálum en þar sitja sálfræðingur, félagsráðgjafi, læknir og lögfræðingur. Niðurstöður þeirra eru birtar á *Mínum síðum* á vef TR undir *Rafræn skjöl* þess sem sótti um.

Foreldrar barns með umönnunar/foreldragreiðslur eiga rétt á að fá niðurfelld bifreiðagjöld. Sjá nánari upplýsingar í kaflanum Bifreiðastyrkur og bifreiðagjöld.

Ef foreldrar eru ósáttir við niðurstöðu mats þá geta þeir sótt um endurmat og skilað inn nýjum gögnum eða þá kært niðurstöðuna til Úrskurðarnefndar velferðarmála (ÚRVEL).

- Fólk er hvatt til að óska fyrst eftir endurmati með því að leggja fram ný gögn, s.s. afriti af reikningum og nýrri ítarlegri greinargerð frá fagaðila frekar en að kæra strax þar sem kærufrelið er langt en mun skemmri tíma tekur að endurmeta umsóknina.
- Því ítarlegri og nákvæmari sem upplýsingar eru því réttmætara verður matið.
- Kærufrestur er þrjú mánuðir frá móttöku úrskurðarins.
- Kæru þarf að senda á ÚRVEL. Upplýsingar eru í úrskurðarbréfum.

Einnig er hægt að óska eftir rökstuðningi á úrskurðinum. Skrifleg beiðni þarf að berast innan fimmtán daga frá móttöku úrskurðarins.

Við andlát barns er heimilt að halda umönnunargreiðslum í allt að sex mánuði frá andláti en sækja þarf sérstaklega um það.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Tryggingarstofnunar og á vef Alþingis:

- [Umönnunargreiðslur](#)
- [Lög um félagslega aðstoð](#)
- [Reglugerð um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna](#)

Umönnunarkort

Umönnunarkort veitir afslátt af læknisþjónustu fyrir börn, s.s. af komugjaldi til sálfræðinga, læknisfræðilegum rannsóknum og þjálfun barna (sjúkra-, tal- og iðjuþjálfun). Ekki er þörf á að framvísa kortinu við þær aðstæður. Sum fyrirtæki og stofnanir veita einnig afslátt gegn framvísun umönnunarkortsins. Athuga þarf hvort afsláttur er í boði og muna að hafa kortið meðferðis. Kortin birtast á *Mínum síðum* á vef TR og framfærandi getur prentað þau út.

Umönnunarkort eru veitt með umönnunarmati og ekki þarf að sækja sérstaklega um þau. Þau fylgja alltaf með umönnunarmatinu og eru með sama gildistíma. Gildistími umönnunarkorts er frá fæðingu ef um meðfæddan sjúkdóm eða fötlun er að ræða, en miðast annars við greiningu til 16 ára aldurs. Heimilt er að lengja gildistímann allt að 18 ára aldri vegna barna með lífshættulega sjúkdóma eða alvarlega fjölfötlun.

Þau börn sem eiga við minni vandamál að stríða og eiga ekki rétt á umönnunargreiðslum gætu átt rétt á umönnunarkorti til lækkunar á læknis- og lyfjakostnaði. Þeir sem fá umönnunargreiðslur eiga einnig átt rétt á umönnunarkorti.

Nánari upplýsingar eru að finna á vef [Tryggingarstofnunar](#) og í [Reglugerð um fjárhagsaðstoð](#) við framfærendur faltaðra og langveikra barna.

Foreldragreiðslur

Foreldragreiðslur eru greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna sem geta ekki verið á vinnumarkaði eða í námi vegna veikinda eða fötlunar barna sinna. Foreldragreiðslur eru sameiginlegur réttur foreldra og þurfa foreldri og barn að eiga lögheimili hér á landi þann tíma sem greiðslur eru greiddar. Hámarksgildistími mats getur verið eitt ár. Rétt er að taka fram að

umönnunargreiðslur og foreldragreiðslur eru ekki sami hluturinn og hægt er að fá þessar greiðslur á sama tíma. Fyrirkomulag foreldragreiðslna er þrenns konar:

1. Grunngræiðslur
2. Græiðslur til foreldra sem voru í námi
3. Græiðslur til foreldra sem voru á vinnumarkaði

Ströng skilyrði eru fyrir því að foreldrar fái foreldragreiðslur. Þeir mega ekki vera á vinnumarkaði eða í námi, barnið þarf að vera alvarlega fatlað eða að kljást við alvarleg veikindi. Foreldrar verða að vera búnir með allan sinn veikinda- og sjúkrarétt hjá vinnuveitanda og sjúkrasjóði stéttarfélags. Foreldrar mega ekki vera á launatengdum greiðslum eins og t.d. örorku- eða atvinnuleysisbótum. Barnið má ekki sækja þjónustu utan heimilis á daginn, s.s. leikskóla, skóla eða aðra dagvistun. Foreldragreiðslur eru aldrei metnar lengur en í eitt ár í senn.

Helstu skilyrði fyrir foreldragreiðslum [samkvæmt lögum nr. 22/2006](#) eru:

- Að barn geti ekki verið á vistun á vegum opinberra aðila, til dæmis á leikskóla eða í skóla.
- Að foreldri eigi ekki rétt á greiðslum úr sjúkrasjóði stéttarfélags, atvinnuleysisbótum, fæðingarorlofsgreiðslum eða -styrk og sé ekki lífeyrisþegi hjá TR.
- Vandí barns þarf að uppfylla ákveðin fötlunar- og sjúkdómsskilyrði.

Sótt er um foreldragreiðslur rafrænt á *Mínum síðum* á [Tryggingastofnun](#). Með öllum umsóknum þarf að fylgja:

- Vottorð læknis, sem veitir barninu þjónustu, þar sem fram kemur greining, meðferð og umönnunarþörf.
- Greinargerð frá fagaðila, t.d. félagsráðgjafa.
- Staðfesting sjúkra- eða styrktarsjóðs um að foreldri hafi nýtt sér réttindi sín þar.
- Foreldrar á vinnumarkaði þurfa að skila staðfestingu vinnuveitanda um að foreldri hafi lagt niður störf og fullar launagreiðslur hafi fallið niður. Jafnframt staðfestingu um starfstímabil og starfshlutfall. Sjálfstætt starfandi einstaklingar þurfa að skila inn staðfestingu frá Ríkisskattstjóra um að reiknað endurgjald hafi verið lagt niður.
- Í ákveðnum tilfellum þarf að skila staðfestingu frá fæðingarorlofssjóði eða vinnumálastofnun.
- Námsmenn þurfa að skila vottorði frá skóla um að foreldri hafi gert hlé á námi og vottorði um fyrri námsvist.
- Tekjuáætlun.

Greiðsluflokkar fyrir foreldragreiðslum

Grunngreiðslur:

- Vandí barns þarf að uppfylla 1. eða 2. sjúkdóms- eða fötlunarstig.
- Foreldri má ekki vinna eða vera í neinu námi.

Launatengdar greiðslur:

- Vandí barns þarf ekki að uppfylla nema 3. sjúkdóms- eða fötlunarstig.
- Mögulegt er að sækja um hlutfallsgreiðslur á móti hlutavinnu.
- Einungis er hægt að fá greiðslurnar í sex mánuði samtals.

Námsmannagreiðslur:

- Sömu reglur gilda og um grunngreiðslur en foreldri þarf að hafa sagt sig úr námi.
- Greiðslurnar eru greiddar í lok annar.

Foreldragreiðslur eru skattskyldar og greiddar í lok mánaðar. Greiddar eru barnagreiðslur með öllum börnum sem foreldri er með forræði yfir. Greiðslurnar eru launatengdar sem nemur 80% af meðaltali launagreiðslna síðustu 12 mánuði fyrir greiningu á vanda barns. Sama upphæð er hjá námsmönnum og hjá grunngreiðslum. Einungis annað foreldri getur þegið greiðslur á hverjum tíma. Eina undanþágan frá því er sameiginlegur réttur til þriggja mánaða greiðslna ef barnið er í líknandi meðferð. Réttur til greiðslna er í allt að einn mánuð, hafi það tímabil áður verið samþykkt í kjölfar andláts barns.

Sjúkdómsstig:

1. stig:

- Börn sem þurfa langvarandi vistun á sjúkrahúsi eða hjúkrun í heimahúsi og yfirsetu foreldris vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma, t.d. börn með illkynja sjúkdóma.

2. stig

- Börn sem þurfa tíðar sjúkrahúsinnlagnir og meðferð í heimahúsi vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma, t.d. alvarlegra hjartasjúkdóma og alvarlegra nýrna-, lungna- eða lifrarsjúkdóma sem krefjast ónæmisbælandi meðferðar.

3. stig

- Börn sem þurfa innlagnir á sjúkrahús og meðferð í heimahúsi vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma, t.d. börn með alvarlega bæklunarsjúkdóma, innkirtla- og efnaskiptasjúkdóma, meltingarfærasjúkdóma og geðsjúkdóma.

Fötlunarstig

1. stig

- Börn sem vegna alvarlegrar fötlunar eru algjörlega háð öðrum með hreyfifærni eða flestar athafnir daglegs lífs.

2. stig

- Börn sem vegna alvarlegrar fötlunar þurfa mjög víðtæka aðstoð og nær stöðuga gæslu í daglegu lífi, t.d. vegna veikinda, alvarlegrar þroskahömlunar eða alvarlegrar einhverfu.

3. stig

- Börn sem vegna alvarlegrar fötlunar þurfa mjög víðtæka aðstoð og gæslu í daglegu lífi, t.d. vegna miðlungs þroskahömlunar, hreyfihömlunar sem krefst notkunar hjólastóls eða verulegrar einhverfu.

Nánari [upplýsingar um foreldragreiðslur](#) má finna á vef Tryggingarstofnunar.

Hægt er að senda tölvupóst á netfangið barnamal@tr.is eða hringja í þjónustumiðstöð TR í síma 560-4460.

Mæðra- og feðralaun

Í lögum um félagslega aðstoð [nr. 118/1993 2. gr. um mæðra- og feðralaun](#) er heimilt að greiða mæðra- og feðralaun til einstæðra foreldra sem hafa að minnsta kosti tvö börn undir 18 ára aldri á framfæri og hafa lögheimili hér á landi.

Með einstæðu foreldri í reglugerðinni er átt við:

- Foreldri sem skilið er við maka sinn að borði og sæng eða að lögum eða hefur slitið óvígðri sambúð eða staðfestri samvist.
- Foreldri sem hefur eignast börn utan hjúskapar eða óvígðrar sambúðar og hefur ekki tekið upp sambúð, samvist eða gengið í hjónaband.
- Foreldri sem er eitt vegna andláts maka.

Meðlagsúrskurður þarf að hafa verið kveðinn upp eða að fyrir liggi staðfest samkomulagi um greiðslu framfærslueyris. Frá 1. júlí 2023 skulu [mæðra- og feðralaun skulu vera](#):

- Með tveimur börnum: 12.652 kr. á mánuði.
- Með þremur börnum eða fleiri: 32.892 á mánuði.

Greiðslurnar falla niður einu ári eftir að viðtakandi launanna skráir sig í þjóðskrá í óvígða sambúð með öðrum en foreldri barnsins eða barnanna. Viðtakandi launanna skráir sig í óvígða sambúð með foreldri barnsins eða barnanna, fyrrverandi sambýlisaðila eða gengur í hjúskap og falla þá launin strax niður. Sján nánar á eftirvarandi vefslóðum:

- [Reglugerð um mæðra- og feðralaun.](#)
- [Lög nr. 99/2007 um félagslega aðstoð.](#)
- [Lög nr. 118/1993 um félagslega aðstoð](#)

Ferðakostnaður

Almennt greiða Sjúkratryggingarnar tvær lækni meðferðir á 12 mánaða tímabil eða vegna ítrekaðra ferða. Ferðakostnaður er til dæmis greiddur vegna nauðsynlegra langra ferða (að minnsta kosti 20 km á milli staða), ítrekaðra ferða, ferða heim eftir sjúkraflutning, ferða foreldra eða nánasta aðstandanda að sækja viðurkennd fræðslunámskeið og vegna bráðatilvika. Einnig er greiddur kostnaður þegar sjúkdómsmeðferð er ekki í boði á heimaslóðum þar sem meðferðin er hjá opinberum sjúkrastofnunum. Þetta á við þegar aðila heilbrigðiskerfisins sem sjúkratryggingar hafa gert samning við og Sjúkratryggingar Íslands taka þátt í að greiða, t.d. vegna meðferðar hjá talmeinafræðingum eða vegna tannréttinga samkvæmt ákveðnum skilyrðum. Tannlæknar þurfa hins vegar að sækja um fyrir ferðakostnaði fyrir sinn skjólstæðing.

Sjúkratryggingar Íslands taka þátt í kostnaði vegna ítrekaðra ferða ef um er að ræða:

- Illkynja sjúkdóma
- Nýrnabilun
- Alvarlega augnsjúkdóma
- Brýnar lýtalækningar
- Bæklunarlækningar barna
- Tannréttingar vegna meiri háttar galla eða alvarlegra tilefna
- Aðra sambærilegra sjúkdóma
- Alvarleg vandamál á meðgöngu
- Glasafriðgunarmeðferð (í þeim meðferðum sem sjúkratryggingar taka þátt í).
- Fyrir ítrekaðar ferðir vegna alvarlegra sjúkdóma er nú hægt að byggja samþykki fyrir endurgreiðslu ferðakostnaðar á skýrslu læknis, hvort sem hann hefur sjúkling til meðferðar eða er læknir í héraði. Áður gildi einungis skýrsla læknis í héraði.

Sjúkratryggingar endurgreiða kostnað við ferðir vegna bráðatilvika sem farnar eru að læknisráði og er ekki hægt að sinna í héraði. Bráðatilvik er skilgreint sem slys eða sjúkdómur sem eru þess eðlis að heilsu sjúklings er bráð hætta búin sé honum ekki sinnt undireins (miðað er við 48 klst.). Sjúkratryggingar Íslands greiða kostnað við ferð sjúklings heim að loknum sjúkraflutningi.

Þegar um nauðsynlegar stuttar og ítrekaðar ferðir sjúklings vegna alvarlegra sjúkdóma er að ræða endurgreiða Sjúkratryggingar Íslands $\frac{3}{4}$ hluta ferðakostnaðar með leigubifreið eða strætisvagni þó vegalengd sé skemmri en 20 km. Ef eigin bifreið er notuð í slíkum tilvikum endurgreiða Sjúkratryggingar $\frac{2}{3}$ hluta kostnaðarins miðað við gildandi kílómetragjald. Sjá nánar um [greiðslur vegna ferðakostnaðar innanlands](#).

Ef nauðsynleg sjúkdómsmeðferð fjarri heimili viðkomandi tekur fjórar vikur eða meira, endurgreiða Sjúkratryggingar ferðir þess heim aðra hverja helgi. Skilyrði er að vegalengdin sé að minnsta kosti 20 kílómetrar hvor leið. Ef sjúklingur er yngri en 18 ára er heimilt að endurgreiða ferðir heim hverja helgi.

Skv. ákvæðum 2. gr. reglugerðarinnar um ferðakostnað langra ferða innanlands endurgreiða Sjúkratryggingar daglegar bílferðir foreldris eða nánasta aðstaðanda, allt að 200 kílómetra hvora leið, til að vitja sjúklings yngri en 18 ára á sjúkrahúsi. Þetta á við ef um langvarandi eða ítrekaða sjúkrahússvist er að ræða. Endurgreiðsla flugferða takmarkast við eina ferð á viku.

Sjúkratryggingum Íslands er heimilt að endurgreiða kostnað við ferðir foreldra eða nánustu aðstandenda alvarlega fatlaðra einstaklinga og sjúklunga sem haldnir eru langvinnum og alvarlegum sjúkdómum til að sækja fræðslunámskeið eða nauðsynlega fundi sem viðurkennt er af Sjúkratryggingum. Greitt er fyrir tvær ferðir á ári.

Hversu mikið er greitt?

Sjúkratryggingar Íslands endurgreiða $\frac{2}{3}$ hluta kostnaðar af fargjaldi með áætlunarferð eða ef eigin bifreið er notuð $\frac{2}{3}$ hluta kostnaðar. Allar nánari upplýsingar [um greiðslubátttöku vegna ferðakostnaðar innanlands](#), svo sem um gildandi kílómetragjald er lýst nánar á vef Sjúkratrygginga Íslands.

Greiðsluhluti sjúklings er þó aldrei hærri en 1.500 krónur fyrir hverja ferð. Ef hluti sjúklings fer yfir 10.000 krónur á 12 mánaða tímabili skal greiðsluhluti hans aldrei verða hærri en 500 krónur í hverri ferð það sem eftir er tímabilsins. Ef um áætlunarferð er að ræða greiða Sjúkratryggingar Íslands fargjald fylgdarmanns ef sjúklingur er yngri en 18 ára eða ekki fær um að ferðast á eigin vegum. Greiðsluhluti sjúklings í samanlögðum kostnaði vegna ferða sjúklings og fylgdarmanns er aldrei hærri en 1.500 krónur. Ef um stuttar og ítrekaðar ferðir er að ræða vegna alvarlegra sjúkdóma endurgreiða

Sjúkratryggingar Íslands 3/4 hluta ferðakostnaðar með leigubifreið ef sjúklingur er ekki fær um að ferðast með áætlanarbifreið eða strætisvagni þó vegalengd sé skemmri en 20 kílómetrar. Ef eigin bifreið er notuð í slíkum tilvikum endurgreiða SÍ 2/3 hluta kostnaðarins miðað við 40,16 krónur á hvern ekinn kílómetra en frá 1. maí 2023 er kílómetragjaldið 40,16 krónur á hvern ekinn kílómetra. Upphæð kílómetragjaldsins hækkar eða lækkar í hlutfalli við akstursgjald ríkisstarfsmanna eins og það birtist í auglýsingum ferðakostnaðarnefndar og tekur því breytingum reglulega.

Bílaleiga

Ef sjúklingur eða aðstandandi á ekki bifreið og ekki er unnt að nota almenningsamgöngur af heilsufarslegum ástæðum, t.d. vegna sýkingarhættu, endurgreiða Sjúkratryggingar Íslands ¾ hluta af nauðsynlegum kostnaði í ferðum til sjúkdómsmeðferðar vegna leigubifreiðar (skemmri ferðir undir 20 kílómetra) eða leigu á bifreið hjá viðurkenndri bílaleigu (lengri ferðir yfir 20 kílómetra).

Örorkumat

Sjúkratryggingar Íslands greiða ferðakostnað ef umsækjandi um örorkulífeyri eða endurhæfingarlífeyri þarf að fara í ferð til að mæta í viðtal eða skoðun. Yfirleitt er það vegna færnimats, örorkumats eða mats á endurhæfingarmöguleikum sem nauðsynlegt er að fari fram. Boðunarsjúklingar þurfa einungis að leggja fram kvittanir fyrir fargjaldi vegna ferðarinnar hjá umboðum þegar þeir hafa fengið sendan úrskurð frá Sjúkratryggingum Íslands vegna þessarar boðunar.

Hvernig er sótt um endurgreiðslu á ferðakostnaði?

Sótt er um greiðsluþátttöku áður en ferð er farin nema um bráðatilvik sé að ræða.

- Læknir heima í héraði sækir um greiðslu á ferðakostnaði á þar til gerðu eyðublaði. Senda þarf eyðublaðið til umboða hjá sýslumönnum á landsbyggðinni sem áframsenda það til Sjúkratrygginga Íslands ef við á. Engin gögn eru því send beint til Sjúkratrygginga Íslands, heldur er leitað til umboða hjá sýslumönnum.
- Sjúklingur eða forráðamaður hans þarf síðan að skila til umboðs hjá sýslumanni staðfestingu á komu til læknis frá þeim sérfræðingi sem farið var til og kvittunum fyrir fargjaldi.

Bent er á að lesa vel upplýsingar um endurgreiðslur ferðakostnaðar á síðu Sjúkratrygginga um [greiðsluþátttöku vegna ferðakostnaðar innanlands](#) áður en sótt er um endurgreiðsluna.

Nauðsynleg gögn

- Staðfesting læknis á því að vísa hafi þurft sjúklingi til meðferðar utan héraðs þar sem þjónustan er ekki fyrir hendi í heimahéraði. Þá fyllir læknir út eyðublaðið „Staðfesting á nauðsynlegri ferð

sjúklings utan heimahéraðs“. Ef ástand viðkomandi er alvarlegt og fellur undir heimild til ítrekaðra ferða þá er notað eyðublaðið „Skýrsla vegna ferðakostnaðar sjúklings innanlands“.

- Sjúklingar þurfa alltaf að framvísa staðfestingu á komu til læknis frá sérfræðingnum eða meðferðaraðilum ásamt kvittunum fyrir fargjald þegar þeir vitja endurgreiðslu. Framvísa þarf farseðlum ef ferð er farin með flugi, ferju, áætlanarbíl eða öðrum almenningsfarartækjum. Hið sama gildir um kvittanir fyrir greiðslu annars kostnaðar, þar á meðal vegna leigu á bifreið, leigubifreiða og greiðslu vegatolla. Sjúkratryggingar Íslands geta jafnframt beðið umsækjanda um kvittanir fyrir eldsneyti sé eigin bifreið notuð.
- Sjúkratryggðir einstaklingar geta átt rétt á gistiþjónustu ef þeir þurfa að dvelja fjarri heimili sínu vegna rannsókna eða sjúkdómsmeðferða. Sjá nánar hér um [sjúkrahótel og íbúðir](#).

Ferðapjónusta fatlaðra

Ferðapjónustu fatlaðs fólks er ætlað að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsvagna kleift að stunda atvinnu, nám og njóta tólstunda.

Greiðslur fyrir ferðapjónustu:

- Gjaldið er innheimt með gíróseðli um hver mánaðamót.
- Gjald fyrir hverja ferð miðast við helming af fargjaldi almenningsvagna. Framhaldsskólanemar eiga kost á árskortum sem miðast við skólakort hjá Strætó.
- Ef þörf er á fylgdarmanni er reiknað með strætógjaldi fyrir hann.

Kostnaður fyrir ferðapjónustu:

- Almennt gjald fyrir hverja ferð er helmingur af fargjaldi strætós.
- Fastar ferðir pantaðar með dags fyrirvara.
- Kvöldferðir pantaðar fyrir klukkan 16 á virkum dögum eða fyrir klukkan 14 um helgar.

Ferðir sem kosta 1.000 kr. aukalega:

- Ferðir pantaðar samdægurs með að minnsta kosti tveggja tíma fyrirvara.
- Kvöldferðir sem eru pantaðar eftir klukkan 16 á virkum degi eða eftir klukkan 14 um helgar, með að minnsta kosti tveggja tíma fyrirvara.
- Aldraðir greiða 500 kr. upp að sextán ferðum og 1.000 kr. ef ferðirnar eru fleiri.

Mikilvægar upplýsingar til farþega:

- Þjónustusvæðið er höfuðborgarsvæðið.
- Akstursþjónustan er í boði á sama tíma og þjónusta strætisvagna:

- Virka daga frá kl. 06:30 – 24:00
- Laugardaga frá kl. 08:00 – 24:00
- Sunnudaga frá kl. 11:00 – 24:00

Hverjir eiga rétt á ferðapjónustu?

Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga 40/1991 með síðari breytingum eiga þeir rétt á ferðapjónustu sem geta ekki notað almenningsvagna vegna fötlunar. Lögblindir geta sótt um að ferðast með leigubílum skv. samningi Kópavogsbæjar og Blindrafélagsins.

Hvernig er sótt um?

Umsóknir um þjónustu þurfa að berast skriflega eða á rafrænu formi til velferðarsviðs.

Umsókn þarf að vera undirrituð af umsækjanda sjálfum, talsmanni hans eða forsjáraðila. Með umsókn þarf að fylgja læknisvottorð og/eða vottorð frá öðrum fagaðilum þar sem staðfest er fötlun og skortur á getu viðkomandi til að ferðast með almenningsvögnum. Í umsókn þarf að koma fram ástæður fyrir umsókn og óskir um fjölda ferða.

Hve mikla ferðapjónustu er hægt að fá?

Heildarfjöldi ferða er að hámarki 68 ferðir á mánuði. Ferðir eru ætlaðar til og frá vinnu, skóla og æfinga. Fjöldi ferða til annarra erindagjörða er takmarkaður við 24 ferðir á mánuði. Umsóknir eru teknar fyrir á deildarfundum þjónustudeildar fatlaðra að jafnaði sjö dögum eftir að umsókn og gögn hafa borist. Endurnýja þarf umsókn um hver áramót.

Hver hefur eftirlit og umsjón með þjónustunni?

Akstursaðilar hafa umsjón með daglegri framkvæmd þjónustunnar. Notendum er bent á að snúa sér til akstursaðila eða ráðgjafa í þjónustu- og ráðgjafardeild fatlaðs fólks til að fá upplýsingar um mál sem tengjast ferðapjónustunni eða til að koma á framfæri ábendingum og/eða kvörtunum.

Hægt er að hafa samband við þjónustuborð í síma 441-0000 alla daga. Einnig er hægt að skilja eftir skilaboð í þjónustuveri og ráðgjafi mun hafa samband.

Pöntunarsími Ferðapjónustunnar í Reykjavík er 519-5600 og er hann opinn frá kl 07:00 til 16:00 alla virka daga og 10:00 til 14:00 um helgar og á stórhátíðardögum. Ferðir er hægt [að panta á síðu Reykjavíkurborgar](#). Á vefsíðunni er hnappur merktur akstursþjónustunni *Pant* sem þarf að smella á og til að sækja um ferðirnar.

Afpantanir reglubundinna ferða þurfa að berast með sem mestum fyrirvara, aldrei þó minna en með tveggja klukkustunda fyrirvara. Farþegar geta afpantað ferðir í gegnum síma eða með tölvupósti á meðan pöntunarsími er opinn.

Akstur miðast við að og frá anddyri. Ef á þarf að halda þarf farþegi sjálfur að tryggja aðstoð að öðru leyti. Bílstjóri aðstoðar farþega utan anddyris. Farþegi þarf að vera tilbúinn á umsömdum tíma. Biðtími farþega skal að jafnaði ekki fara yfir 10 mínútur frá uppgefnum tíma. Ef farþegi er ekki tilbúin á umsömdum tíma er bílstjóra heimilt að yfirgefa staðinn og ferðin telst með í uppgjöri. Gera má ráð fyrir að ferðir geti fallið niður eða tafist vegna ófyrirséðra orsaka, t.d. óveðurs, bilana, þungrar umferðar og annarra þátta.

Geti farþegi ekki ferðast einn af einhverjum orsökum þarf hann að hafa fylgdarmann með sér og greiðir fylgdarmaður það gjald sem gildir í almenningssvögnum.

Gistipjónusta

Fjölskylda búsett á landsbyggðinni getur leigt íbúð í bænum meðan barnið þarf að sækja þjónustu spítalans. Meðan barnið er inniliggjandi á fjölskyldan rétt á 80% þess kostnaðar hjá Sjúkratryggingum. Einnig er möguleiki á annarri gistingu, t.d. í stéttafélagsíbúð eða annarri gistingu og fengist þá endurgreiðsla frá Sí.

UMHYGGJA

Fólk í aðildarfélögum Umhyggju hefur aðgang að sjúkraíbúðum félagsins. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu [Umhyggju](#).

Sjúkrahótel Landspítala

Sjúkrahóтелиð er staðsett á lóð Landspítala við Hringbraut í Reykjavík og eru gjaldskyld skammtímabílastæði í nánd við sjúkrahúsið. Sjúkrahóтелиð er ætlað sjúklingum og/eða forráðamönnum og aðstandendum sem teljast hafa þörf fyrir dvöl á sjúkrahótelinu í tengslum við heilbrigðisþjónustu. Læknir, hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir sendir beiðni fyrir hönd sjúklings um dvöl á sjúkrahóтели og hámarksdvöl er 21 dagar. Herbergin eru 75 og öll aðstaða til fyrirmyndar.

Gestir sjúkrahótelisins þurfa að vera sjálfbjarga, geta komist fram úr rúmi og sinnt daglegum athöfnum, svo sem að klæða sig, sinna persónulegu hreinlæti og salernisnotkun. Þeir þurfa að hafa lokið meðferð á legudeild og teljast vera í stöðugu líkamlegu og andlegu ástandi. Gestir hótelisins þurfa að hafa með sér öll nauðsynleg hjálpartæki, svo sem hjólastóla, göngugrindur og hækjur. Sjúklingar koma með eigin lyf en geta fengið stuðning og ráðgjöf hjúkrunarfræðinga varðandi lyf og lyfjagjafir.

Hjúkrunarþjónusta er á sjúkrahótelinu allan sólarhringinn. Þegar beiðni um dvöl á sjúkrahótelu er útfyllt skal taka fram þá hjúkrunarþjónustu sem þörf er á. Í hjúkrunarþjónustu sjúkrahótelu felst meðal annars:

- Upphafsmat á sjúkdómsástandi við móttöku gesta.
- Skipulagning meðferðarþátta og úrræða.
- Almennt eftirlit með sjúklingi, svo sem lífsmörkum og lyfjagjöfum.
- Blóðprufur, sáraskiptingar og meðferð skurðsára.
- Húðumhirða og blóðsegavarnir.
- Byltuvarnir.
- Umhirða drengja og stóma, aðstoð við úthreinsun.
- Fræðsla og ráðgjöf.
- Samhæfing úrræða og stuðningur fyrir heimferð.
- Viðbrögð við óvæntri versnun.

Greint er frá dvalarkostnaði á vefsíðu Landspítalans undir liðnum [Hagnýtar upplýsingar](#). Skýringar er einnig að finna í skjalinu [Gisting á sjúkrahótelu](#) á vef Barnaspítala Hringins.

Heimahjúkrun

Hlutverk heimahjúkrunar er að veita einstaklingsmiðaða hjúkrun þar sem forvarnir, heilsuvernd, heilsuefling, fagleg þekking og samstarf er haft að leiðarljósi. Markmið heimahjúkrunar er að veita einstaklingum viðeigandi aðstoð til að auka sjálfsbjargargetu hans og gera honum kleift að dvelja heima við sem eðlilegastar og bestar aðstæður eins lengi og unnt er miðað við heilsufar og félagslegan aðbúnað.

Samkvæmt reglum Sjúkratrygginga er heimahjúkrun veitt án endurgjalds en skjólstæðingar þurfa þó að útvega sér og greiða fyrir ýmis hjálpartæki og áhöld sem þeir þurfa á að halda samkvæmt reglum Sjúkratrygginga Íslands. Heimahjúkrun er ekki með fasta viðveru eða yfirsetu á heimilum einstaklinga. Heimahjúkrun er einstaklingsmiðuð og því sniðin að þörfum hvers og eins. Þjónustua Heimahjúkrunar Heilsugæsla höfuðborgarsvæðis (HH) getur til dæmis verið:

- Stuðningur, lyfjaeftirlit og/eða böðun:
 - Einstaklingar sem þurfa stuðning, eru til dæmis óöruggir og/eða kvíðnir en eru að mestu sjálfbjarga.
- Sérhæfð hjúkrun:

- Einstaklingar sem þarfnast sérhæfðrar hjúkrunar, svo sem sárameðferðar, sýklalyfjagjafa og hjartabilunareftirlits.
- Heildræn hjúkrunarmeðferð og/eða líknarmeðferð vegna langvinnns sjúkdóms:
 - Einstaklingar sem þarfnast víðtækrar hjúkrunar daglega eða oft á dag vegna langvinnra sjúkdóma, svo sem heilabilunar, geðfötlunar og líkamlegar skerðingar.

Heimahjúkrun HH í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi sér um hjúkrun í heimahúsum fyrir íbúa í viðkomandi sveitarfélagi. Heimabjónusta Reykjavíkur sinnir íbúum í Reykjavík og á Seltjarnarnesi og Heilsugæslan í Mosfellssumdæmi sinnir íbúum á sínu svæði. Heimahjúkrun er veitt alla daga frá kl. 08:00 til 23:00 og er starfsstöðin opin virka daga frá kl. 08:00 til 16:00.

Beiðni/umsókn um heimahjúkrun þarf að berast skriflega frá starfsfólki í heilbrigðis- eða félagsbjónustu. Heilsugæslustöðvar og Landspítali nota beiðni/umsókn til heimahjúkrunar í tölvuforritinu Sögu og senda hana rafrænt. Hjúkrunarfræðingur kemur í vitjun ef unnt er að verða við beiðninni. Í fyrstu vitjun er hjúkrunarþörf metin og hjúkrunarfræðingur skipuleggur bjónustuna í samvinnu við einstaklinginn, fjölskyldu hans og aðrar heilbrigðisstéttir. Starfsfólk heimahjúkrunar metur hve lengi skjólstæðingur þarf á bjónustu þeirra að halda. Þó að einstaklingur sé útskrifaður getur hann eða aðstandandi hans ávallt haft samband við heimahjúkrun ef þörf krefur.

Heimahjúkrun HH hagar störfum sínum í samræmi við skilgreind markmið og stefnu. Helstu viðfangsefni Heimahjúkrunar HH eru ákvörðuð í 12. gr. reglugerðar nr. 787/2007 um heilsugæslustöðvar með stoð í lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisbjónustu.

Sími fyrir heimahjúkrun á höfuðborgarsvæðinu er 513-6900 og netfang er

heimahjukrun@heilsugaesla.is. Á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins eru aðrar almennar upplýsingar um [Heimahjúkrun HH](#).

Heimahjúkrun á landsbyggðinni er unnin í hverju máli fyrir sig og þörf er metin af viðkomandi heilsugæslu og/eða á nærliggjandi sjúkrahúsi.

Sjúkradagpeningar

Ekki er unnt að sækja um sjúkradagpeninga frá Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) þegar umönnunaraðili hefur notað sinn rétt varðandi veikindadag barna. Þetta á einungis við um fullorðið fólk sem er óvinnufært vegna eigin sjúkdóma en ekki vegna þess að það var óvinnufært vegna veikinda barna sinna. Hins vegar ef umönnunaraðili er t.d. í verkalýðsfélaginu VR, getur hann sótt þar um styrk vegna veikinda barna. Ef barnið á í langvarandi veikindum lengur en réttur launþegans segir til um samkvæmt kjarasamningi, þannig að tekjutap verður, getur hann sótt um sjúkradagpeninga úr Sjúkrasjóði VR

vegna barna sinna undir 18 ára aldri í allt að 210 daga (7 mánuði) á hverju 12 mánaða tímabili. Upphæðin er 80% af meðallaunum síðustu 6 mánuða.

Sækja þarf um sjúkradagpeninga fyrir 21. dag hvers mánaðar til að greiðsla berist fyrsta dag næsta mánaðar. Gögn sem þurfa að berast eru umsókn ásamt læknisvottorði og staðfestingu vinnuveitanda um að launagreiðslur hafi fallið niður.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu stéttarfélaganna.

Sjúkraflutningar

Samkvæmt 28. gr. [laga um Sjúkratryggingar](#) nr. 112/2008 segir að sjúkratryggingar taki til óhjákvæmilegs flutningskostnaðar sjúkratryggðs á sjúkrahús innanlands samkvæmt samningum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsa hins sjúkratryggða metin svo að ekki sé hægt að flytja hann eftir venjulegum farþegaflutningum. Hið sama gildir um flutning sjúkratryggðs frá sjúkrahúsi til heimilis eða dvalarstaðar. Sjúkratryggingar taka þátt í kostnaði við fargjald fylgdarmanns ef sú fylgd er nauðsynleg, jafnvel þó að um áætlunarferð sé um að ræða.

Bílastyrkur og bifreiðagjöld

Þeir sem eiga hreyfihamlað barn á framfæri sem nýtur umönnunargreiðslna geta sótt um styrk til kaupa á bifreið. Að jafnaði er ekki veittur styrkur vegna fatlaðra barna yngri en 10 ára. Í sérstökum tilfellum er heimilt að veita styrk vegna mikið fatlaðra barna yngri en 10 ára ef barnið þarf sannarlega sambærilega bifreið og fullorðinn einstaklingur í sambærilegri aðstöðu. Í þeim tilvikum skal m.a. horft sérstaklega til eðlis fötlunar barnsins, hvort barnið sé óvenju hávaxið og/eða þungt miðað við aldur og hvort barnið er óvenju háð fyrirferðarmiklum hjálpartækjum. Hægt er að sækja um tvenns konar styrk, annars vegar styrk til kaupa á bifreið sem er nauðsynleg vegna hreyfihömlunar upp á 1.440.000 krónur. Hins vegar er veittur styrkur til kaupa á sérútbúnum og dýrum bifreiðum fyrir mikið hreyfihömluð börn fyrir allt að 60% af kaupverði bifreiðar, grunnverði án aukabúnaðar. Tryggingastofnun þarf að samþykkja bíllinn sem keyptur er. Styrkurinn er að hámarki 6.000.000 krónur (Fjárhæðir af vef TR í sept. 2023). Hægt er að sækja um uppbót og styrk til bifreiðakaupa á 5 ára fresti. Framfærendur barna sem fá styrk skuldbinda sig til þess að eiga bíllinn í fimm ár.

Með umsókn þarf að fylgja hreyfihömlunarvottorð frá lækni en ef vottorð liggur fyrir hjá TR er nóg að vísa til þess. TR er heimilt að óska eftir áliti Sjúkratrygginga Íslands á þörf umsækjenda fyrir hjálpartæki og bifreið. Umsóknareyðublað fyrir bifreiðastyrk er á vef Tryggingarstofnunar undir liðnum „Umsóknir“ á forsíðu.

Forráðamenn hreyfihamlaðra barna með börnin á sínu framfæri eiga rétt á niðurfellingu bifreiðagjalda á einum bíl. Umsókn um niðurfellingu bifreiðagjalda er á vef Tryggingarstofnunar undir liðnum „Eyðublöð“ á forsíðu. Bæði forráðarmaður og starfsmaður TR þurfa að fylla út umsóknina og er henni síðan skilað til Ríkisskattstjóra.

Nánari upplýsingar má finna á vef Tryggingastofnunar undir fyrirsögninni [Bifreiðamál barna](#).

P-merki fyrir bílastæði fatlaðra

Hreyfihamlaðir einstaklingar eiga rétt á P-merki sem er skírteini sem sett er við framrúðuna í bifreið og veitir leyfi til að leggja í sérmerkt bílastæði fyrir fatlað fólk. Sérmerkt stæði eru við helstu þjónustustaði, svo sem verslanir og opinberar stofnanir, en fólk getur einnig sótt um að fá sérmerkt stæði við heimili sitt. Framvísa þarf læknisvottorði sem staðfestir hreyfiskerðingu og skal mynd fylgja umsókn.

Stæðiskortið (P-merkið) er gefið út af sýslumannsembætti á því svæði sem einstaklingur býr og er gefið út á persónu en ekki bílnúmer. Einungis er gefið út eitt kort á hvern einstakling nema ef barn er með tvö lögheimili. Til að sækja um P-merkið þarf að fylla út umsókn á vef viðkomandi sýslumanns. Þegar foreldri eða forráðamaður sækir um P-merki fyrir fatlað barn á læknisvottorð og mynd af barninu að fylgja umsókninni. Ef barnið getur ekki gefið rithandarsýnishorn er því sleppt.

Það kostar ekkert að fá P-stæðiskort og það er yfirleitt tilbúið eftir 2-3 daga þegar öll gögn hafa borist til sýslumanns. Sækja má kortið eða fá sent í pósti á heimili umsækjanda.

Stæðiskortið er gefið út í tiltekinn tíma, að hámarki 5 ár en ekki skemur en 2 ár. Ef þörf er fyrir tímabundin stæðiskort má gefa þau út í skemmri tíma, jafnvel nokkra mánuði, en koma þarf fram í læknisvottorði að þörfin sé tímabundin. Ef vetrarfærð veldur hreyfihömluðum erfiðleikum má gefa út stæðiskort sem gildir fyrir tímabilið frá 15. október til 1. maí.

Þegar sótt er um endurnýjun P-merkis þarf að skila inn sömu gögnum og þegar sótt er um í fyrsta skipti.

Umsókninni þarf að fylgja:

- Læknisvottorð um skerta hreyfigetu. Læknirinn sendir vottorðið beint á næsta sýslumannsembætti.
- Hefðbundin passamynd af umsækjanda þarf að berast til sýslumannsins, fyrr verður umsóknin ekki unnin.
- Undirritunarsýnishorn þess sem stæðismerkið er stílað á. Mæta þarf á skrifstofu viðkomandi sýslumanns.

Sækja má stæðismerkið nokkrum dögum síðar eða láta senda það heim til umsækjandans.

Sótt er um [P-merki og stæðiskort fyrir hreyfihamlaða](#) á vef stjórnsýslunnar fyrir sýslumenn.

Hjálpartæki

Hjálpartæki eru afgreidd af Sjúkratryggingum Íslands. Sjúkratryggingar eru með tvö útibú á sínum snærum þar sem hægt er að prófa hjálpartækin, annað er til húsa að Vínlandsleið í Reykjavík og hitt er á [Kristnesi í Eyjafirði](#).

Hjálpartækjamiðstöðin veitir upplýsingar og ráðgjöf um hjálpartæki og aðstoð við val á þeim. Miðstöðin sér jafnframt um sérsmiði, aðstoð við aðlögun, breytingar og uppsetningu hjálpartækja eða vísar á viðeigandi aðila. Einu hjálpartækin sem eru þessu undanskilin eru stuðningsstangir, salernis- og baðhjálpartæki. Hjálpartækjamiðstöðin sér einnig um viðhald og viðgerðir hjálpartækja eftir að ábyrgð seljanda er útrunnin. Gott er að panta tíma til að tryggja að fá ráðgjöf hjá iðju- og/eða sjúkráþjálfara.

Börn með tvö lögheimili geta fengið tvö hjálpartæki af sömu gerð.

Hjálpartæki: Netföng

- Einnota hjálpartæki (t.d. bleyjur, sykursýkibúnaður og stómavörur): einnota@sjukra.is
- Heyrnartækjastyrkir: heyrnataeki@sjukra.is
- Næring og sérfræði: naering@sjukra.is
- Stoð- og meðferðartæki (t.d. spelkur, gervilimir, hárkollur og meðferðartæki): stodtaeki@sjukra.is
- Setstöðuráðgjöf (lausnir í hjólastóla): setradgjof@sjukra.is
- Tæknileg hjálpartæki (t.d. baðhjálpartæki, göngugrindur, hjólastólar og stoðir): hjalpart@sjukra.is
- Samsetning hjálpartækja og dreifing: verkst@sjukra.is

Sjúkratryggðir eiga rétt á styrkjum til kaupa á hjálpartækjum. Nánari útskýringar á hjálpartækjum og styrkjum við kaup þeirra (<https://www.einstokborn.is/is/rettindi/hjalpartaeki/styrkur-til-kaupa-a-hjalpartaeki>) eru á vef Einstakra barna.

Nánari [upplýsingar um hjálpartæki](#) eru á heimasíðu Sjúkratrygginga Íslands.

Á vef [Sjálfsbjargar, landssambands hreyfihamlaðra](#) eru upplýsingar um helstu hjálpartæki fyrir hreyfihamlað fólk og vísað á fyrirtæki sem selja eða leiga hjálpartæki.

Bleyjur

Þegar fatlað barn hefur náð þriggja ára aldri getur það fengið hjálpertækjabeiðni fyrir öllum bleyjukostnaði. Innflutningsaðilar fyrir bleyjur eru [Rekstrarvörur](#) og [Heilbrigðisvörur](#) (hét áður Logaland). Rekstrarvörur flytja inn bleyjur frá TENA og Heilbrigðisvörur frá Molicare. Þegar hjálpertækjabeiðni berst til foreldra fylgir upplýsingabæklingur frá Heilbrigðisvörum og Rekstrarvörum með myndum og útskýringum með vörunum. Fylla þarf út hjálpertækjabeiðni og skila henni ásamt læknisvottorði til Sjúkratrygginga Íslands.

Lyfjaskírteini og endurgreiðsla

- Árið 2015 var greiðsluþátttökukerfi lyfjakaupa breytt og er markmið þess að auka jafnræði milli einstaklinga óháð sjúkdómum. Lyfjagreiðsla einstaklings skiptist niður á 12 mánuði í senn og fer kerfið eftir því hvenær einstaklingur kaupir fyrstu lyfin. Ef sjúklingur kaupir lyf 10. maí 2019 þá er tímabil hans til 9. maí 2020. Þau lyf sem Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) taka þátt í að greiða eru sett inn í þrep og þegar lyfjakostnaður hefur náð ákveðnu hámarki, innan 12 mánaða tímabilsins, getur læknir sótt um að SÍ greiði lyfin að fullu það sem eftir er af tímabilinu.
- Sjúkratryggingar hafa heimild til að gefa út lyfjaskírteini sem veitir greiðsluþátttöku í lyfjum sem annars eru ekki með greiðsluþátttöku.
- Læknir getur sótt um lyfjaskírteini fyrir einstakling að uppfylltum skilyrðum samkvæmt [vinnureglum fyrir lyfjaskírteini](#).

Sjá nánar um [greiðsluþátttökukerfi lyfja](#) á vef Sjúkratrygginga Íslands.

Ef einstaklingur notar að staðaldri lyf sem er ekki á skrá Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) eða sérlyf, sem hentar honum betur en lyf sem SÍ er með á skrá, getur hann beðið lækni um að sækja um [lyfjaskírteini til SÍ](#).

Skattafsláttur

Við tiltekna aðstæður er heimilt að [lækka tekjuskatts- og útsvarsstofn](#) einstaklinga. Einnig getur verið heimilt að lækka auðlegðarskattstofn. Óska þarf eftir lækkun (ívilnun) í skattframtali og fylla út þartilgerða umsókn (RSK 3.05). Gera þarf grein fyrir aðstæðum og sýna fram á útlagðan kostnað. Ef umsókn er ófullnægjandi eða nauðsynleg gögn vantar með umsókninni er henni hafnað.

Heimild til lækkunar á einkum við vegna sérstakra áfalla, svo sem slysa eða veikinda, sérstakra útgjalda vegna þungrar framfærslu, en einnig ef fólk verður fyrir verulegu óbættu eignatjóni eða tapar kröfum sem ekki stafa af atvinnurekstri.

Lækkun (ívilnun) kemur til álita ef fólk hefur barn á framfæri með langvinnan sjúkdóm eða fötlun sem hefur í för með sér verulega hækkun á útgjöldum.

Sálfræðiaðstoð

Sjúkratryggingar Íslands hafa gert rammisamning við nokkra sálfræðinga um sálfræðiþjónustu fyrir börn með alvarlegar hegðunar-, geð- og þroskahamlanir. Til að fá niðurgreiðsluna þarf tilvísun þverfaglegs greiningarteymis. Greiningarteymi sem sjá um tilvísanir starfa á:

- Barna- og unglíngageðdeild Landspítala (BUGL).
- Þroska og hegðunarstöð.
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands.
- Greiningar-/ráðgjafarstöðvar ríkisins (GR).
- Barnaspítali Hringisins.
- Þverfaglegt teymi Sjúkrahússins á Akureyri (SAK).
- Barnageðlæknar.

Tilvísunin getur mest verið fyrir 10 tíma og gildir í 6 mánuði frá útgáfudegi. Hafi tilvísun ekki verið gefin út eða er eldri en 6 mánaða taka Sjúkratryggingar Íslands ekki þátt í kostnaði við þjónustuna.

Allar [nánari upplýsingar](#) um sálfræðiþjónustuna, svo sem nöfn þeirra sálfræðinga sem starfa samkvæmt samningi Sí, má nálgast á vefsíðu Sjúkratrygginga Íslands. Sálfræðiþjónusta er einnig veitt á sumum heilsugæslum og heimilislæknum.

Umhyggja

Umhyggja býður foreldrum langveikra barna upp á sálfræðiþjónustu ef þeir óska. Þjónustan er bæði veitt á skrifstofu Umhyggju sem og í gegnum fjarfundarbúnað. Hægt er að óska eftir viðtali með því að fara inn á vef Umhyggju og fylla út [þar til gert eyðublað](#).

Stuðningsþjónusta

- Félagsleg liðveisla er veitt á grundvelli 24. gr laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks.
- Stuðningsfjölskylda er veitt grundvelli 11. gr laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og samkvæmt 21. gr laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks
- Skammtímavistun er veitt á grundvelli 22. gr laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks.
- Beinir greiðslur vegna þjónustu sem félagsleg liðveisla og stuðningsfjölskyldur veita.

- Sérfræðiaðstoð og ráðgjöf hjá sálfræðingum, geðlæknum, félagsráðgjöfum eða öðrum fagaðilum með framhaldsmenntun í meðferð. Aðstoðin er veitt á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga 40/1999 og 8. gr laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992

Markmið stuðningsþjónustunnar

Markmið stuðningsþjónustunnar er að veita einstaklingum með fötlun, langveikum börnum, og eftir atvikum foreldrum barna með fötlun eða langvinnra sjúkdóma, félagslegan stuðning sem miðar að aukinni félagslegri færni, að efla sjálfstæði fólks til að búa á eigin heimili og eftir atvikum að styrkja foreldra eða forráðamenn í uppeldislutverki sínum. Þjónustan er háð fjárhagsáætlun. Hún er tímabundin og er tímalengd háð mati hverju sinni.

Forsendur stuðningsþjónustunnar

Uppfylla þarf eitt eða fleiri af eftirtöldum skilyrðum (athugið að reglurnar eru ólíkar á milli sveitarfélaga:

- Hafa umönnunarmat vegna fötlunar eða búa við alvarlegan vanda sem jafna má við fötlun.
- Eru foreldrar eða forráðamenn fatlaðra eða langveikra barna.
- Hafa varanlega örorku.

Hverjir eiga rétt á stuðningsþjónustu?

Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir eiga fötluð og langveik börn og fatlaðir sem þurfa aðstoð og stuðning í daglegu lífi rétt á stuðningsþjónustu. Til að eiga rétt á stuðningsþjónustu þarf að liggja fyrir mat á þörf fyrir þjónustu.

Hvernig er sótt um stuðningsþjónustu?

Umsóknir um þjónustu þurfa að berast skriflega til velferðarþjónustu hvers sveitarfélags. Eyðublöð má fá í afgreiðslu velferðarsviðs eða á heimasíðu viðkomandi sveitarfélags. Umsókn þarf að vera undirrituð af umsækjanda sjálfum, talsmanni hans eða forsjáraðila. Með umsókn þarf að fylgja læknisvottorð og/eða vottorð frá öðrum fagaðilum þar sem fram koma upplýsingar um fötlun og mat á þjónustuþörf. Umsækjandi eða forsjáraðili barns er boðaður í viðtal þegar öll gögn hafa borist.

Hve mikla þjónustu er hægt að fá?

Umsókn er metin á deildarfundi þjónustudeildar fatlaðra á grundvelli viðtals og fyrirbyggjandi gagna. Stuðningsþjónusta er samþykkt fyrir ákveðið tímabil og háð ákveðnu hámarki samkvæmt reglum um stuðningsþjónustu.

Hver hefur eftirlit og umsjón með þjónustunni?

Ráðgjafar í málefnum fatlaðra hafa umsjón með framkvæmd stuðningsþjónustu og veita notendum upplýsingar um mál er tengjast þjónustunni á einn eða annan hátt.

Ráðgjafar veita fjölbreytta ráðgjöf, t.d. að vísa foreldrum veginn í gegnum kerfið. Foreldrar geta alltaf leitað til ráðgjafans þegar þeir þurfa. Í flóknari málum reyna ráðgjafar að mæta á sem flesta teymisfundi vegna barna og alltaf á skilafundi hjá samstarfsstofnunum. Ef börnin eiga erfitt með að sækja leikskóla vegna heilsufars eða flókinna erfiðleika hefur velferðarsvið í samstarfi við menntasvið útvegað ígildi leikskólaláss, t.d. á Lyngási, þar sem er sérhæfð dagvist. Einnig hafa ráðgjafar milligöngu um þrif inn á heimilum eftir þörfum í samstarfi við heimaþjónustu sviðsins. Ráðgjafar geta í samstarfi við foreldra og menntasviðs bæjarins beitt sér fyrir því að barn fái stuðning við hæfi í leik- og grunnskóla.

Félagsleg liðveisla

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 ber sveitarfélögum skylda til að gefa fötluðum einstaklingum kost á liðveislu. Félagsleg liðveisla er fyrir börn með fötlun eða þroskaraskanir, að jafnaði frá 6 ára aldri til að rjúfa félagslega einangrun og styrkja börn til þátttöku í menningar- og félagslífi. Félagsleg liðveisla getur verið eitt tímabundið tímabil eða til lengri tíma eftir aðstæðum hjá hverjum og einum. Að jafnaði er miðað við allt að 16 tíma í liðveislu á mánuði. Þegar sérstök rök mæla með því er heimilt að veita liðveislu í allt að 36 tíma í mánuði. Barni og liðveislunni er frjálst að ráðstafa tímum sínum saman, fara t.d. saman í sund, á íþróttatburði, bíó, gönguferðir og svo framvegis. Hægt er að sækja um fleiri tíma en upp er gefið ef barnið hefur mikla umönnunar- eða hegðunarþarfir umfram jafnaldra eða fjölskylda á í öðrum erfiðum aðstæðum, t.d. einstæðir foreldrar, lítið stuðningsnet, veikindi o.s.frv. Ef ljóst er að um alvarlega fötlun eða veikindi er að ræða er mögulega hægt að gera undanþágur frá viðmiðum um aldur og/eða veita fleiri tíma. Þá hættir þjónustan að snúast um félagslegu þarfirnar og snýr þá ef til vill meira að umönnun og hvíld fyrir foreldra. Sótt er um liðveislu hjá viðkomandi sveitarfélagi. Mjög algengt er að fjölskyldur þurfi sjálfar að finna liðveislu.

Stuðningsfjölskylda

Boðið er upp á stuðningsfjölskyldur fyrir börn með fötlun eða þroskahamlanir til að taka fatlað barn í umsjá sína í skamma tíma til að létta álag á fjölskyldum barnanna. Sveitarfélögin veita þjónustu í formi stuðningsfjölskyldna. Í 20. gr. um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 kemur fram að „fjölskyldur fatlaðra barna skulu eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna eftir því sem þörf krefur“. Þjónustan getur í sérstökum tilvikum staðið til boða fyrir ungmenni að 20 ára aldri.

Þörf fyrir þjónustu er metin í hverju tilfelli fyrir sig út frá aðstæðum barns og fjölskyldu. Við matið er horft til umönnunarpunga, stigs fötlunar og félagslegra aðstæðna fjölskyldunnar. Mjög algengt er að fjölskyldur þurfi sjálfar að finna stuðningsfjölskyldu.

- Að jafnaði eru veittir tveir sólahringar á mánuði í dvöl hjá stuðningsfjölskyldu.
- Í sérstökum tilvikum er leyfilegt að veita allt að 5 sólahringa á mánuði.

Tekið er tillit til þess ef foreldrar óska eftir einhverjum sérstökum við val á stuðningsfjölskyldu og í flestum tilfellum er það samþykkt. Aðstæður hjá stuðningsfjölskyldu eru kannaðar af starfsmönnum þjónustudeildar í samræmi við 4. gr. Leiðbeinandi reglna Velferðarráðuneytisins um þjónustu stuðningsfjölskyldna. Stuðningsforeldri þarf að hafa náð 23 ára aldri. Félagsmálaráð veitir leyfi til stuðningsfjölskyldna að fenginni umsögn starfsmanna. Greiðslur til stuðningsforeldra taka mið af umönnunarflokki barnsins samkvæmt Tryggingarstofnun ríkisins eða samkvæmt viðmiðum velferðarsviðs viðkomandi sveitarfélags. Athuga skal að í flestum tilfellum þurfa fjölskyldur að finna sjálfar stuðningsfjölskyldu.

Skilgreining og útfærsla á stuðningstímum eru margvíslegar og geta fjölskyldur valið þrjár útfærslur á stuðningstímum þegar þær eru komnar með umtalsverða þjónustu:

1. Velferðarsvið veitir stuðninginn í formi liðveislu. Foreldrar geta sjálfir valið starfsmann í liðveisluna.
2. Velferðarsvið gerir beingreiðslusamning við foreldra þar sem þeir fá tímana greidda mánaðarlega. Þeir ráða sjálfir starfsmann og greiða honum laun. Þetta er í raun eins og rekstur fyrirtækis. Því þarf að halda vel utan um bókhaldið vegna skattsins og til að skila uppgjöri til velferðarsviðs. Tímagjaldið er jafnaðargjald sem er mun lægra en í liðveislunni. *Ekki mælt með að fara þessa leið þar sem foreldrar eiga þá eftir að borga af launatengd gjöld fyrir starfsmenn og laun til endurskoðanda.*
3. Velferðarsvið gerir NPA samning við foreldra. Þeir geta fengið aðstoð við faglega umsjón samningsins hjá [NPA miðstöðinni](#), þ.m.t. að greiða aðstoðarfólki laun og sjá um launatengd mál. Upplýsingar um notendastýrða persónulega aðstoð er [á vef NPA](#).

NPA miðstöðin er til húsa í Urðarhvarfi 8, A-inngangi, 2. hæð. Afgreiðslutími skrifstofu er á virkum dögum frá klukkan 10:00 – 15:00.

Hvað er NPA?

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) er þjónustuform sem byggir á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf og gerir fötluðu fólki kleift að ráða hvar það býr og með hverjum. Fatlað fólk stýrir hvernig aðstoðin er skipulögð, hvaða aðstoð er veitt, hvenær og hvar hún fer fram og hver veitir hana.

- Sveitarfélögin setja sér viðmiðunarreglur um þjónustuna. Sum sveitarfélög hafa sett sér reglur um NPA þar sem miðað er við ákveðið aldurstakmark eins og 18 ára en önnur veita NPA þjónustu við börn og ungmenni.

Tímagjald í NPA er breytilegt eftir töxtum sveitarfélaganna. 10% af upphæð heildarsamnings fer til NPA miðstöðvarinnar fyrir félagsmenn NPA. Upphæðin ætti þó að dekkja allan kostnað.

- 85% laun og launatengd gjöld til aðstoðarfólks.
- 10% umsýslukostnaður sem fer til umsýsluaðila.
- 5% fyrir útlagðan kostnað við t.d. ráðningu starfsfólks, fatakaup og daglegan rekstur.

Beinar greiðslur:

Foreldrar og forráðamenn fatlaðra barna og ungmenna undir 18 ára aldri geta sótt um beinar greiðslur til þess eða skipuleggja sjálfir þjónustu við barnið samkvæmt samþykktum liðveislutímum eða sólarhringum hjá stuðningsfjölskyldu, ef sýnt er fram á að það nýtist fjölskyldunni betur en ef velferðarsvið héldi utan um þjónustuna.

Tvíhliða samningur er gerður milli velferðarsviðs og foreldra. Foreldrar sjá um skipulagningu á framkvæmd þjónustunnar og getur ráðið starfsfólk og/eða keypt þjónustu af einkaaðilum. Foreldrar bera alfarið ábyrgð á skuldbindingum vegna launa og réttinda starfsmanna og hafa sjálfir eftirlitskyldu með störfum stuðningsaðila.

Foreldri er ekki heimilt að ráða til sín eða ráðstafa fjármagni til:

- Maka.
- Náins ættingja sem býr inn á sama heimili eða annars staðar.
- Sambýlisfólks sem heldur heimili með viðkomandi.

Velferðarsviði er heimilt að gera undantekningar frá þessu ákvæði í þeim tilvikum þar sem sýnt hefur verið fram á að ættingi sé best til þess fallinn að veita stuðninginn.

Eftirlit og endurgreiðslur

Foreldrum ber að skrá bókhald reglulega og skila því til rekstrardeildar velferðarsviðs til yfirferðar á tveggja mánaða fresti þar sem tilgreint er hvernig fjármagni var ráðstafað.

Í bókhaldsgögnum skulu kvittanir vera undirritaðar af báðum aðilum og tímasettar eða launamiðar fyrir öllum greiðslum, hvort sem þær eru til persónulegra aðstoðarmanna eða einkafyrirtækja, svo og yfirlit yfir bankareikninginn sem velferðarsvið leggur greiðslurnar inn á.

Velferðarsviði ber að gæta þess að umsömdu fjármagni sé ráðstafað á tilætlaðan hátt og hefur heimild til þess að krefjast endurgreiðslu komi í ljós að féð hafi að hluta eða öllu leyti ekki verið nýtt samkvæmt ákvæðum samnings. Gengið skal út frá að hver mánaðargreiðsla sé nýtt þann mánuð sem við á og endurgreiðist að öðrum kosti. Komi til ofgreiðslu ber að endurgreiða mismuninn til velferðarsviðs innan 14 daga.

Uppsögn

Gagnkvæmur fjögurra vikna frestur er á uppsögn á samningi og þarf hún að berast skriflega. Við eftirlit og endurmat geta orðið breytingar sem leiða til riftunar á samningi. Ákvörðunin skal vera rökstudd, lögð fyrir deildarfund og foreldri og tilkynnt formlega.

Velferðarsviði er heimilt að rifta samningi og krefjast endurgreiðslu ef sýnt er fram á að:

- Ákvæðum samnings hefur ekki verið fylgt.
- Móttekið hefur verið fjármagn frá öðrum aðila, ætlað að hluta til eða í heild í þá þjónustu sem samningurinn tekur til.
- Vísbendingar séu um misnotkun samningsaðila eða þriðja aðila á fjármagni.

Umsóknarferli

Umsókn um þjónustu skal vera skrifleg. Hægt er að nálgast umsóknareyðublað í þjónustuveri viðkomandi sveitarfélags eða á heimasíðu þess.

Mat og afgreiðsla umsókna

Þegar umsókn hefur verið móttækin skal innan tveggja vikna boða umsækjanda og eftir atvikum aðstandanda/tengilið í viðtal til að afla frekari upplýsinga. Einnig er óskað eftir upplýsingum frá fagaðilum með framvísun læknisvottorðs og/eða greinargerð frá viðurkenndum greiningaraðila, þar sem fram kemur mat á þörf viðkomandi fyrir stuðning. Á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga er metið hvort almenn úrræði skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga geta komið til móts við þarfir umsækjanda eða hvort þörf er fyrir sérstök stuðningsúrræða skv. lögum um málefni fatlaðs fólks. Um

heildstætt mat á þjónustubörf er að ræða og þegar við á með hliðsjón af þeirri þjónustu sem þegar er veitt.

Greiningarstöð

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sinnir börnum og unglingum alls staðar að af landinu. Þegar grunur vaknar um alvarlega þroskaröskun hjá barni er því vísað á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Helstu ástæður þess að barni sé vísað á Greiningarstöð eru einhverfa, hreyfihömlun, þroskahömlun og aðrar skyldar raskanir. Greiningarstöðin veitir foreldrum og fagaðilum fræðslu um fatlanir barna og bendir á helstu meðferðarleiðir. Meginhlutverk greiningarstöðvarinnar er að meta stöðu barna og unglunga sem búa við þroskaraskanir og fatlanir. Veitt er fræðsla og ráðgjöf um íhlutun og meðferð þessara barna með það að markmiði að draga úr afleiðingum röskunarinnar á daglegt líf barnsins.

Hjá Greiningarstöð starfa fjölmargar starfsstéttir sem koma að þjónustu barna með frávik: Sjúkrþjálfarar, leikskóla- og grunnskólakennar, barnalæknar, atferlisfræðingar, iðjuþjálfar, þroskaþjálfar, sálfræðingar, félagsráðgjafar og talmeinafræðingar.

Á vefsíðu [Ráðgjafar- og greiningarstöðvar](#) eru ítarlegar upplýsingar um starfsemi stofnunarinnar.

Réttindagæslumenn fatlaðra

Réttindagæslumenn fatlaðra eru átta talsins og skipta þeir á milli sín landshlutum. Hlutverk þeirra er að veita fötluðum eða þroskahömluðum og alvarlega langveikum fullorðnum og börnum aðstoð við að verja hagsmuni sína og gæta að réttindastöðu þeirra ef á þeim er brotið. Réttindagæslumenn veita einnig fræðslu og ráðgjöf ef á þarf að halda. Réttindagæslumenn starfa eftir [reglugerð um réttindagæslumenn fatlaðs fólks](#).

Landssamtökin Þroskahjálp hafa tekið saman [lista yfir starfandi réttindagæslumenn](#) fyrir fatlað fólk og á heimasíðu Stjórnarráðs Íslands eru nánari upplýsingar um [réttindagæslu fyrir fatlað fólk](#).

Sjúkrþjálfun

Velferðarráðuneytið hefur sett reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu nr. 1251/2018.

Samkvæmt reglugerðinni á sjúkratryggður, sem þarfnast þjálfunar að mati læknis og þjálfara, rétt á allt að 15 skiptum í þjálfun á einu ári, þ.e. á 365 daga tímabili talið frá fyrsta skipti meðferðar. Þjálfun sem telst vera læknisfræðilega nauðsynleg og samið hefur verið um fellur undir greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- Þjálfun er nauðsynlegur liður í að greina og meðhöndla vandamál sem orsaka skerðingu á færni.
- Þjálfun er nauðsynlegur liður í endurhæfingu eða til að fyrirbyggja frekari færniskerðingu vegna fötlunar, frávika í eðlilegum þroska, langvinnra sjúkdóma eða í kjölfar aðgerða, veikinda og slysa.

Ef nauðsyn þykir á fleiri en 15 skiptum í þjálfun á einu ári er hægt að sækja um greiðsluþátttöku hjá sjúkratryggingum. Þjálfunin þarf þó að vera í samræmi við eftirfarandi vinnureglur SÍ :

- Ef sjúkratryggður er með mjög skerta færni og áframhaldandi þjálfun er ótvírætt nauðsynleg.
- Ef sjúkratryggður er haldinn langvarandi sjúkdómi sem leitt getur til færniskerðingar sem áframhaldandi þjálfun getur að öllum líkindum seinkað eða komið í veg fyrir.
- Ef um er að ræða áframhaldandi þjálfun sem er þáttur í nauðsynlegri endurhæfingu í kjölfar veikinda, aðgerðar eða slyss.
- Ef um er að ræða fjölþætt vandamál sem ekki falla undir lið 1-3 þar sem þjálfun er nauðsynlegur hluti af skipulögðu endurhæfingarferli.

Ef fyrirséð er að einstaklingur þarf aukþjálfun umfram 15 skipti þarf að sækja um hana fyrirfram og þarf umsókn að vera í því formi sem Sjúkratryggingar Íslands ákveða. Greinargerð frá sjúkraþjálfara þarf að berast með umsókninni þar sem fram kemur að hvaða leyti ástand einstaklingsins fellur undir heimild til viðbótarþjálfunar samkvæmt reglugerð nr. 225/2018 og vinnureglum SÍ. Umsókninni þarf að fylgja mat á færni og upplýsingar um árangur meðferðar, metið með stöðluðum matstækjum eða öðrum hlutlægum mælingum. Stofnunin þarf svara innan tveggja vikna frá móttöku umsóknar ásamt öllum nauðsynlegum gögnum.

Þjálfun í grunnskóla

Í rammasamningi Sjúkratrygginga Ísland og sjúkraþjálfara, sem starfa samkvæmt samningnum, er fjallað um sjúkraþjálfun innan veggja grunnskólanna. Sjúkraþjálfari þarf að leita samþykkis SÍ fyrir fram. Um er að ræða þjálfun barna sem nota gönguhjálpartæki eða hjólastóla til að komast á milli staða og þurfa þjálfun oftár en einu sinni í viku. Sjúkraþjálfari getur þá farið í grunnskólann og sinnt þjálfun barnsins þar einu sinni í viku í stað þess að barnið mæti hjá sjúkraþjálfaranum.

Heimaþjónusta sjúkraþjálfara

Sjúkraþjálfun er veitt heima þegar einstaklingur getur ekki nýtt sér sjúkraþjálfunarmeðferð á stofu utan heimilis síns vegna líkamsástands (sbr. mgr. 21. gr. reglugerðar nr. 225/2018). Sjúkraþjálfari þarf að óska eftir og rökstyðja ástæðu fyrir 100% greiðsluþátttöku SÍ. Þjónustuþeginn greiðir sama gjald fyrir

sjúkraþjálfun heima og ef hún færi fram á stofu. Sí er heimilt að fella niður gjald sjúklings í heimasjúkraþjálfun ef um er að ræða mjög alvarlegt sjúkdómsástand, t.d. krabbamein, Parkinsons sjúkdómur á lokastigi eða mjög alvarleg fötlun. Sækja þarf fyrirfram um þessa þjónustu.

„[Samningar Sjúkratrygginga](#) við sjúkraþjálfara hafa verið lausir frá febrúar 2020 og því má gera ráð fyrir aukgjaldi/komugjaldi sem telur ekki inn í greiðsluþátttöku.“

Sjúkraþjálfun á hestbaki

Sjúkratryggingar Íslands hafa heimild til að samþykkja sjúkraþjálfun á hestbaki þegar um er að ræða skaða í miðtaugakerfi enda sé þjálfunin framkvæmd af sjúkraþjálfara sem hefur sérþekkingu á sjúkraþjálfun á hestbaki. Sækja þarf fyrirfram um greiðsluþátttökuna til Sjúkratrygginga Íslands. Sama gjald er greitt og fyrir sjúkraþjálfun á stofu. Þjónustan er aðeins í boði gegn ávísun frá sjúkraþjálfurum Æfingastöðvarinnar og ekki er hægt að panta tíma sjálfur.

Greiðsluþátttaka sjúkratryggðra einstaklinga fyrir þjálfun samkvæmt 20. gr.

- Sjúkratryggðir almennt: 90% af umsömdu heildarverði, sbr. 3. gr.
- Aldraðir og öryrkjar: 2/3 af því sem sjúkratryggðir greiða almennt, sbr. 3. gr.
- Börn á aldrinum tveggja til og með 17 ára með tilvísun skv. 20. gr.: ekkert gjald, annars 1/3 af því sem sjúkratryggðir greiða almennt fyrir komuna, sbr. 3. gr.
- Börn yngri en tveggja ára og börn með umönnunarmat greiða ekkert gjald.

Á vefsíðu Reglugerðasafns er birt [Reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu](#) og á vef Sjúkratrygginga Íslands eru upplýsingar um [greiðsluþátttöku vegna sjúkraþjálfunar](#).

Prestur fatlaðra

Prestur fatlaðra þjónar fötluðu fólki um allt land. Sérstaklega er lögð áhersla á að þjóna fólki með þroskahömlun og aðstandendum þeirra. Markmið þjónustu Þjóðkirkjunnar er að greiða götu fatlaðs fólks að kirkjunni. Þannig geta allir nýtt sér þjónustu kirkjunnar á sínum forsendum og tekið þátt í starfi hennar.

Sr. Guðný Hallgrímsdóttir er prestur fatlaðra og hefur aðsetur í Háteigskirkju í Reykjavík. Viðtalsími er eftir samkomulagi og hún hefur tölvupóstfangið gudhall@mi.is.

Sálgæsla Barnaspítalans

Sjúkrahúsprestar og djáknar eru ávallt til viðtals á Landspítala. Þeir sinna [sálgæslu, ráðgjöf og stuðningi við sjúklinga og aðstandendur](#). Þeir leiða helgistundir við dánarbeð, sinna eftirfylgd við syrgjendur og koma þeim í samband við aðra hjálparaðila (t.d. presta), ef þess er óskað og eftir því sem þörf krefur. Markmið sálgæslunnar er að liðsinna þeim sem glíma við sárar tilfinningar og erfiðar tilvistarspurningar tengdar veikindum og alvarlegum áföllum. Þessi þjónusta stendur öllum opin, jafnt sjúklingum sem aðstandendum og starfsfólki spítalans, án tillitis til lífsskoðana eða trúarafstöðu. Dagbjört Eiríksdóttir er djákni á Barnaspítala hringins, meðgöngu- og sængurlegudeild og fæðingarvakt. Hægt er að ná í hana í síma 543-8027 eða 824-5506.

Félagasamtök

Einstök börn

Einstök börn er stuðningsfélag barna og ungmenna með sjaldgæfa sjúkdóma eða heilkenni sem var stofnað 1997 og eru nú um 600 fjölskyldur í félaginu. Félagið er vettvangur foreldra barna með ólík sjaldgæf veikindi eða heilkenni, sem falla utan annarra starfandi stuðningsfélaga, til að deila reynslu og vinna saman að bættum hag barnanna. Markmið félagsins er að styðja við bakið á fjölskyldunum, gæta hagsmuna þeirra og fræða stjórnvöld og almenning um sjaldgæfa sjúkdóma.

Félagið veitir félagsmönnum ráðgjöf og aðstoð við úrvinnslu í ýmsum málum og aðstoðar við að tengja fjölskyldur við fagfólk.

Félagið Einstök börn rekur styrktarsjóð fyrir foreldra og býður félagsmönnum að sækja um ýmsa styrki. Skilyrði fyrir styrkveitingu eru að hafa greitt félagsgjald ársins og að félagsgjöld fyrri ára séu í skilum. Einn styrkur er í boði fyrir hvert barn á almanaksári, þ.e. annaðhvort heilsu- eða orlofsstyrkur. Styrktartímabilið er almanaksárið, 1. janúar til 31. desember. Kvittanir með umsókn verða að vera dagsettar á umsóknarári og þar af leiðandi ekki hægt að sækja um styrk fyrir liðið almannaksár.

Styrkirnir eru greiddir út fjórum sinnum á ári, um eða eftir 15. febrúar, 15. júní, 15. september og 15. desember. Dagsetningarnar eru til viðmiðunar. Umsækjendur þurfa að skila inn rafrænum umsóknum fyrir 30. janúar, 30. maí, 30. ágúst eða 30. nóvember. Þær dagsetningar eru fastar. Umsóknir þurfa að vera fullunnar og með fullgildum fylgiskjöllum. Sæki félagsmaður um styrk á tímabilinu 1. - 31. desember þá fær hann styrkinn greiddan í kringum 15. febrúar árið eftir, en styrkurinn tilheyrir samt umsóknarári. Nýir félagsmenn geta sótt um styrk hjá félaginu þegar þeir hafa greitt árgjaldið.

Allar styrkveitingar eru háðar því hvort fjárhagur félagsins leyfi þær hverju sinni. Stjórn Einstakra barna hefur heimild til þess að breyta styrkuppþæðum án fyrirvara. Sótt er um styrki á vef Einstakra barna. Allar kvittanir skulu fylgja umsókninni í viðhengi. Félagið styrkir ekkert sem Sjúkratryggingar/TR tekur þátt í, að hluta til eða öllu leyti, undantekning er þó styrkur til sjúkraþjálfunar.

Orlofsstyrkur:

- Styrkur vegna útlags kostnaðar við bílaleigubíla, sumarþúðir, hóteldvöl, flugferðir og leigu á sumarþústað.
- Styrkurinn er greiddur eftir að ferð hefur verið farin. Skila þarf rafrænt inn umsókn ásamt viðeigandi nótum sem staðfesta kostnað.
- Upphæð er 50.000 krónur.

Tómstundastyrkur:

- Félagsbörn sem hafa legið á sjúkrahúsi í þrjár vikur (21 dag) á Íslandi.
- Er hugsaður til að kaupa afþreyingu fyrir barnið.
- Staðfesting læknis á sjúkrahúsdvöl fylgi umsókn.
- Styrkurinn er 15.000 krónur og er veittur á hverju ári.

Heilsueflandi styrkur:

- Hver fjölskylda innan félagsins getur sótt ár hvert um styrk vegna almennrar heilsueflingar.
 - Sjúkranudd
 - Iðjuþjálfun
 - Sálfræðiþjónusta
 - Íþróttaiðkun fjölskyldunnar
 - Jóga og fleira
- Allt að 50.000 krónur.

Niðurgreiðslur á gistikostnaði félagsmanna innanlands:

- Hægt er að sækja um styrk vegna gistingar ef um ræðir langferð frá heimili barns til rannsókna eða læknisferðir.
 - Reikningur verður að fylgja umsókninni í viðhengi.
 - 5.000 krónur hver nótt fyrir alla fjölskylduna.
 - Styrkurinn getur verið fyrir allt að tíu gistinætur á hverju almannaksári. Styrkur við greiðslu gistinátta telst ekki sem einn af tveimur styrkjum sem hægt er að sækja um.

Umhyggja

Foreldri sem hefur langveikt barn á framfæri getur sótt um styrk úr styrktarsjóð Umhyggju ef það á í fjárhagslegum erfiðleikum sem rekja má til veikinda barnsins. Skilyrði er að foreldrið sé í foreldrafélagi sem er aðili að Umhyggju eða félagsmaður Umhyggju. Sækja má um styrk tvisvar sinnum á fimm ára tímabili, en tólf mánuðir þurfa að líða að lágmarki milli styrkveitinga.

Umhyggja á tvö sumarhús fyrir sína aðildarfélaga og eina íbúð vegna barns í læknisferð í Reykjavík. Umhyggja býður upp á viðtöl hjá sálfræðingi.

Verkaskipting á milli Sí og TR

- TR sér um lífeyrismál og fjölskyldu- og vistunarmál.
- Sí sér um sjúkratryggingar, þ.m.t. endurgreiðslur lækna-, tannlækna-, lyfja- og þjálfunarreikninga, slysatryggingar, auk reikninga frá Hjálpartækjamiðstöð.

